

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík, 18. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130100150/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum, Bláskógabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hakið á Þingvöllum, Bláskógabyggð.

Breytingin felst í því að skilgreind eru lóð og byggingarreitur fyrir nýtt starfsmannahús vestan við lóð salernisbyggingar. Lóðin er 432 m² og innan hennar 240 m² byggingarreitur.

Framkvæmdin

Í umfjöllun um væntanlega lóð og byggingu kemur eftirfarandi fram: „*Gert er ráð fyrir að gólfhæð verði miðuð við núverandi gangstíg og húsið því fremur lágt í landinu.*“ Einnig kemur fram varðandi skilmála að byggingarmagn er leyfilegt 100 m² og að byggingin skuli samræmast hæð, útliti og í efnisvali öðrum byggingum við Hakið. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti einnig að setja hámarkshæð væntanlegrar byggingar í skilmála.

Frárennsli

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 85/2005 kemur fram að innan verndarsvæðis Þingvallavatns er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði hvað varðar yfirborðsvatn og grunnvatn. Þar af leiðandi þurfa allar áætlanir um frárennsli að miða að því að grunnvatn og yfirborðsvatn spillist ekki.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki kemur fram í greinargerð hvort gert er ráð fyrir rotþró eða safnþró við Hakið. Einnig bendir stofnunin á að ekki kemur fram í greinargerð að samkvæmt reglugerð nr. 650/2006 er verndarsvæði Þingvallavatns viðkvæmur viðtaki og skal falla í flokk A sem ósnortið vatn sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frárennsli verði safnað í safnþró svo engin hætta sé á að mengun fari í grunnvatn, og telur mikilvægt að Þjóðgarðurinn gangi þannig fram með

góðu fordæmi.


Umhverfisstofnun bendir á að ef ekki er gert ráð fyrir safnþró þá skal þess gætt að mengunarefni í skólpi sem Þingvallavatn er talið viðkvæmt fyrir, séu hreinsuð ítarlega, svo sem köfnunarefni og saurmengun. Þriðja þrep hreinsunarinnar þarf að beinast gegn köfnunarefnumengun þar sem Þingvallavatn er viðkvæmt fyrir þeirri mengun.


Í skýrslu Náttúrufræðistofu Kópavogs frá desember 2012 kemur eftirfarandi fram: „*Vöktunin staðfestir að marktækar breytingar hafa átt sér stað í lífríki og efna- og eðlisþáttum Þingvallavatns undanfarna áratugi. Þingvallavatn hefur hlýnað, styrkur uppleysts nítrats (NO₃) aukist í írennslínu, magn þörungasvifs (blaðgrænu-a) aukist í vatnsbolnum og rýni vatnsins minnkað í kjölfarið. Styrkur fosfórs í írennslisvatni Silfru og Vellankötlum hefur aftur á móti minnkað. Orsakir þessara breytinga eru raktar bæði til hnattrænna og staðbundinna þátta.*“ Einnig kemur fram í sömu skýrslu: „*Styrksaukningin í nítrati nemur um 60% og er rakin m.a. til aukinnar loftborinnar ákomu niturs, en ákoman virðist hafa allt að því tvöfaldast á sl. 3–4 áratugum. Aukningin í magni þörungasvifs frá því um 1975 og fram á fyrsta áratug þessarar aldar er tvö- til ríflega fjórföld og mest að hausti til. Þar sem frumframleiðsla þörungasvifs í Þingvallavatni er takmörkuð af nitri og styrkur næringarefna almennt í lægri kantinum leiðir jafnvel lítil aukning í niturákomu til merkjanlegrar vaxtaraukningar meðal þörunganna.*“

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að stærð áætlaðrar rotþróar/safnþróar komi fram og hver áætlaður gestafjöldi er. Umhverfisstofnun bendir á aukinn fjölda ferðamanna og mikilvægi þess að áætluð stærð rotþróar/safnþróar ráði við aukningu gestafjölda.

Sækja skal um leyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir losun skólps og fara skal eftir leiðbeiningum um frágang fráveitukerfa og fráveitutækni sem beita má á svæðinu sbr. 20. gr. ofangreindrar reglugerðar.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hakið Þingvöllum í Bláskógabyggð.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun